

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ	
Ml. 17/7.0	Ársm. SB
Innk. 11. Nóv. 2013	
IRR 13110025	

Ríki, Reykjavíkurborg og Icelandair Group gera með sér svofellt

Samkomulag um innanlandsflug

Ríki og Reykjavíkurborg hafa undanfarið átt í viðræðum um framtíð flugvallar í Vatnsmýri í tengslum við undirbúning og auglýsingu aðalskipulags Reykjavíkur, sem gerir ráð fyrir að flugstarfsemi víki úr Vatnsmýrinni í áföngum.

Viðræðurnar hafa byggt á því að aðilar eru sammála um að staðsetning innanlandsflugvallar á höfuðborgarsvæðinu sé fyrsti kostur. Sameiginlegir hagsmunir ríkis og borgar eru að tryggja sem besta sátt allra landsmanna um þetta mikilvæga mál og kanna því til fullnustu helstu staðsetningarkosti innanlandsflugs á höfuðborgarsvæðinu.

Viðræðurnar hafa byggt á grunni fyrri samninga milli ríkisins og Reykjavíkurborgar.

Afstaða ríkisvaldsins er að tryggja öryggi í innanlandsflugi með þeim hætti að næstu ár geti flugvöllur í Vatnsmýri sinnt því hlutverki sem honum er ætlað. Til að koma til móts við það og gefa svigrúm fyrir vinnu við að kanna aðra kosti hefur Reykjavíkurborg fallist á að gera þá breytingu á fyrirliggjandi tillögu að aðalskipulagi Reykjavíkur að norður-suður-brautinni verði áfram tryggður sess í aðalskipulagi Reykjavíkur til ársins 2022, í stað 2016 eins og fyrirliggjandi tillaga gerir ráð fyrir.

Sameiginleg athugun ríkis, Reykjavíkurborgar og Icelandair Group á flugvallarkostum

Ríki, Reykjavíkurborg og Icelandair Group eru sammála um að fullkanna aðra kosti til rekstrar innanlandsflugs en framtíðarflugvöll í Vatnsmýri. Aðilar eru einnig sammála um að staðsetning nýs flugvallar á höfuðborgarsvæðinu er fyrsti kostur og hvetja til þess að möguleg ný flugvallarstæði verði ekki útilokuð við endurskoðun á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins sem stendur yfir.

Ábyrgðarmenn verkefnisins eru innanríkisráðherra, borgarstjóri og forstjóri Icelandair Group. Hver aðili um sig tilnefnir einn aðila í stýrihóp verkefnisins sem verður undir formennsku Rögnu Árnadóttur, sem er sameiginlegur fulltrúi samningsaðila. Jafnframt verður settur upp samráðshópur sem fær reglulega upplýsingar um framvindu

vinnunnar. Þar eigi m.a. sæti fulltrúar sveitarfélaga utan höfuðborgarsvæðisins, hagsmunaaðila í flugi, Landspítala, Háskóla Íslands, Háskólans í Reykjavík og fulltrúar áhugahópa með og á móti flutningi flugvallarins.

- i) Stýrihópurinn hefur heimild til að kalla eftir vinnu sérfræðinga sem aðilar samkomulagsins leggja þeim til. Jafnframt er gert ráð fyrir að stýrihópurinn komi sér saman um ráðgjafafyrirtæki með víðtæka reynslu af skipulagi og hönnun flugvalla til að draga fram valkosti og bestu lausnir fyrir mögulegan flugvöll. Athugunin miðist m.a. við lengri brautir, kjörlegu þeirra og aðra þætti sem ekki hafa komið til skoðunar í fyrri athugunum en stuðlað geta að góðri nýtingu vallarins.
- ii) Einnig verði lagt mat á rekstrargrundvöll og möguleg sóknarfæri sem nýr flugvöllur með þróunarmöguleika til framtíðar hefur í för með sér fyrir íbúa, ferðaþjónustu og atvinnulíf.
- iii) Reglulega verði gerð grein fyrir framvindu verkefnisins en lokaskil verði eigi síðar en í árslok 2014.

Gjört í Reykjavík 25. október 2013




Sigmundur Davíð Gunnlaugsson
forsætisráðherra

Jón Gnarr
borgarstjóri




Hanna Birna Kristjánsdóttir
innanríkisráðherra



Dagur B. Eggertsson
formaður borgarráðs

með fyrirvara um
samþykki borgarráðs



Björgólfur Johannsson
forstjóri Icelandair Group


Í framhaldi af undirritun meðfylgjandi samkomulags milli ríkis, Reykjavíkurborgar og Icelandair Group munu ríki og Reykjavíkurborg vinna í samræmi við áður undirritaða samninga. Undirbúningur eftirfarandi verkefna mun þegar hefjast:

- i) Aðilar fylgi eftir auglýstu deiliskipulagi sem gerir ráð fyrir stækkun alþjóðlegu flugstjórnarmiðstöðvarinnar í Vatnsmýri, enda er starfsemi hennar óháð staðsetningu innanlandsflugs, sbr. yfirlýsingar Isavia.
- ii) Aðilar ljúki vinnu við endurskoðun á deiliskipulagi fyrir flugvallarsvæðið og að tilkynnt verði um lokun NA/SV-brautarinnar samhliða auglýsingu þess, síðar á þessu ári. Samtímis skal endurskoða núgildandi skipulagsreglur fyrir Reykjavíkurflygvöll til samræmis.
- iii) Þegar lokun NA/SV brautarinnar hefur verið staðfest verða ný landingarljós tekin í notkun í samræmi við breytt deiliskipulag og nauðsynlegur fjöldi trjáa í Öskjuhlíð felldur í þágu flugstarfseminnar. Aðilar leiti þó sameiginlega leiða til að milda sjónræn áhrif hinna nýju landingarljósa frá fyrirliggjandi tillögum og takmarka fellingu trjáa í Öskjuhlíð. Óháð öðrum verkþáttum sem í samkomulaginu felast munu innanríkisráðuneytið og Isavia hafa forgöngu um að kennslu- og einkaflugi verði fundinn nýr staður í nágrenni borgarinnar í samræmi við áður gefin fyrirheit vegna endurbyggingar vallarins um síðustu aldamót og skal stefnt að því að framkvæmdir verði hafnar eins fljótt og verða má.

Gjört í Reykjavík 25. október 2013



Hanna Birna Kristjánsdóttir
innanríkisráðherra



Jón Gnarr
borgarstjóri

með fyrirv. um
samb. borgarvæðs

SAMKOMULAG

um endurbætur á aðstöðu fyrir farþega og þjónustuaðila á Reykjavíkurflugvelli

Innanríkisráðherra og borgarstjórinn í Reykjavík gera með sér samkomulag um að skoða og meta þörf fyrir endurbætur á aðstöðu fyrir farþega og þjónustuaðila á Reykjavíkurflugvelli.

Í því felst:

- Að fallið verði frá fyrri áformum um byggingu samgöngumiðstöðvar í Vatnsmýri.
- Að undirbúnar verði endurbætur á aðstöðu fyrir farþega, þjónustuaðila og rekstraraðila flugvallarins. Unnið verði eftir samkomulagi við Isavia ohf. um að félagið taki yfir rekstur og eignarhald á núverandi flugstöð Flugfélags Íslands. Að gerð verði viðskiptaáætlun fyrir nýja flugstöð sem miðar að sjálfbærni hennar.
- Að norð-austur/suð-vestur flugbrautin verði lögð af og það land sem við það losnar sunnan vallarins verði skipulagt undir blandaða byggð. Innanríkisráðuneytið auglýsi lokun flugbrautar samhliða auglýsingu deiliskipulags nýrrar flugstöðvar.
- Að deiliskipulagsgerð á svæði flugstöðvarinnar verði hraðað sem kostur er svo unnt verði að hefja áætlaðar endurbætur sem fyrst. Hugmyndir að nýrri flugstöðvarbyggingu hafa verið kynntar í skipulagsráði Reykjavíkurborgar og er stefnt að því að breytt skipulag liggi fyrir að loknu auglýsingaferli í október nk. Staðfesting deiliskipulags, útgáfa byggingaleyfis og afhending lands haldast í hendur.
- Þrátt fyrir að flugskýli 6 (sjóskýli – fastnr. 202-9665 og 202-9665) á Reykjavíkurflugvelli, staðsett næst Skerjafirði, standi á mörkum þess svæðis sem samkomulagið fjallar um, verði flugvallargirðing staðsett þannig að skýli standi innan flugvallargirðingar þar til niðurstaða næst um niðurrif eða flutning. Að flutningi eða niðurrifi loknu færist girðing í þá legu sem öryggissvæði flugbrautar markar.
- Að tryggt verði að endurbætt aðstaða tryggi samkeppni á flugmarkaði og möguleika á að þjónusta fleiri en eitt flugfélag. Endurbæturnar verði hannaðar þannig að þær verði auðveldar til breytinga og brottflutnings, ásamt því að skýrt sé að Reykjavíkurborg verði ekki skuldbundin til greiðslu bóta komi til brottflutnings starfsemi af svæðinu.
- Að allt áætlunarflug færist til endurbættrar flugstöðvar.
- Að tekið verði mið af samgöngustefnu Reykjavíkurborgar á svæðinu við endurbætta flugstöð. Isavia ohf. taki upp gjaldtöku á öllum bílastæðum og tryggð verði endurgjaldslaus aðkoma almenningsgangna við farþegaaðstöðu.
- Að flugöryggi við notkun austur/vestur flugbrautar verði bætt með því annars vegar að séð verði til þess að gróður í Öskjuhlíðinni skagi ekki upp í hindrunarfleti núverandi flugbrautar og hins vegar að heimiluð verði uppsetning aðflugsljósa fyrir nákvæmnisblindaðflug vestan við brautina. Breytt deiliskipulag vegna aðflugsljósa verði auglýst samhliða breytingum vegna flugstöðvar. Fyrir liggur tillaga garðyrkjustjórans í Reykjavík vegna trjáa sem skaga of hátt upp. Enn fremur verði fundin lausn hvað varðar aðstöðu fyrir nauðsynlegar vélar og tæki vegna rekstrar vallarins á athafnasvæði Isavia ohf. við austanverðan völlinn.
- Að allri umferð herflugvéla og flugi í þágu hertengdrar starfsemi um Reykjavíkurflugvöll verði hætt, að undanskildum þeim tilvikum þegar

Reykjavíkurlugvöllur þjónar hlutverki sem varaflugvöllur og vegna öryggis- og björgunarstarfa.

- Aðilar eru enn fremur sammála um að kannaðir verði möguleikar á hringtengingu strætó um Reykjavíkurlugvöll. Fyrir liggur yfirlýsing af hálfu Isavia ohf. um að slík hringtenging sé möguleg en eftir er að útfæra hana endanlega. Mun endanleg útfærsla taka mið af því hvort Reykjavíkurborg hyggist ráðast í fyllingar í Skeirjafirði.

Fjögurra manna starfshópur verði skipaður af innanríkisráðherra og borgarstjóra til þess að vinna að ofangreindum markmiðum:

Ólafur Sveinsson, fulltrúi ráðherra, formaður
Ólöf Örvarsdóttir, fulltrúi borgarstjóra
Hrólfur Jónsson, fulltrúi borgarstjóra
Haukur Hauksson, fulltrúi Isavia ohf.

Starfshópnum er ætlað að fylgja eftir þeim ákvörðunum sem þegar hafa verið teknar samkvæmt samkomulagi þessu og að ganga frá útfærðum tillögum varðandi þau atriði sem eru ófrágengin. Vísað er til samkomulags Reykjavíkurborgar og fjármálaráðuneytisins um landakaup sem undirritað var þann 1. mars 2013 en þar kemur fram að fyrsta greiðsla Reykjavíkurborgar vegna landakaupa verði innt af hendi þegar lokun flugbrautarinnar verður gengin í gegn. Meðfylgjandi er mynd sem sýnir fyrirhugaða legu flugvallargirðingarinnar.

Áréttað er að Reykjavíkurborg fer með skipulagsvald á flugvallarsvæðinu samkvæmt skipulagslögum nr.123/2010 og innanríkisráðherra vinnur í samræmi við vilja Alþingis hvað varðar flugvöllinn eins og hann birtist í samgönguáætlun.

Reykjavík, 19. apríl 2013

Með fyrirvara um samþykki borgarráðs


Ögmundur Jónasson
innanríkisráðherra


Jón Gnarr
borgarstjóri

Vottar:







Núverandi flugvallargirðing

Ný flugvallargirðing

Núverandi mörk ríkis/borgar



Land frá ríki til Reykjavíkurborgar
samkvæmt samningum árið 2013

Tillaga að landskiptum milli Ríkis og Borgar 2013

Unnið af Mannvirkjasviði Isavia ohf
11. apríl 2013

Handwritten signature

Eignasjóður Reykjavíkurborgar, kt. 621102-2220 og ríkissjóður Íslands kt. 540269-6459, gera hér með sér eftirfarandi

SAMKOMULAG UM SKIPULAG OG UPPBYGGINGU Á LANDI RÍKISINS VIÐ SKERJAFJÖRD

Markmið samnings þessa:

Eignasjóður Reykjavíkurborgar og fjármála- og efnahagsráðuneytið f.h. ríkissjóðs hafa ákveðið að vinna sameiginlega að því að koma þeim svæðum í eigu ríkis og borgar sem losna við lokun norður/suður og austur/vestur flugbrautar (braut 06/24) Reykjavíkurflogvallar í uppbyggingu með hag beggja samningsaðila að leiðarljósi.

Stærð og notkun svæða

Þau svæði sem um er að ræða er u.þ.b. 111.800 m² svæði í eigu ríkisins, merkt A á meðfylgjandi yfirlitsmynd, og u.þ.b. 65.466 m² svæði í eigu Reykjavíkurborgar, merkt B og C á meðfylgjandi yfirlitsmynd. Gert er ráð fyrir að fram fari nákvæm mæling á hinu selda svæði sem skal lokið í síðasta lagi fyrir gerð deiliskipulagsuppráttar.

Samkomulagið gerir ráð fyrir að Reykjavíkurborg kaupi land ríkisins á svæðinu á skilgreindu lágmarksverði, fái við það afsal og óskoraðan yfirráðarétt yfir því, sameini framangreind svæði ríkis og borgar og sjái að fullu og öllu um gerð deiliskipulags fyrir heildarsvæðið (A, B og C) og beri kostnað vegna þess. Reykjavíkurborg mun kappkosta að skipulag verði vandað og nýting landsins verði góð. Svæðið verður að meginstefnu til deiliskipulagt sem íbúðarbyggð.

Reykjavíkurborg mun innheimta gatnagerðargjöld af hinu sameiginlega svæði í samræmi við gjaldskrá. Reykjavíkurborgar, mun kosta allan frágang landsins, uppbyggingu gatna, gangstíga og frágang opinna grænna svæða svo og uppbyggingu þjónustubygginga sem er á ábyrgð Reykjavíkurborgar sem sveitarfélags eins og t.d. byggingu grunnskóla.

Við mótun deiliskipulags skal leita álits fjármála- og efnahagsráðuneytisins á skipulagstillögu, sérstaklega hvað varðar nýtingarhlutfall.

Þegar skipulag svæðisins liggur fyrir mun Reykjavíkurborg annast markaðssetningu landsins og sölu byggingaréttar á sinn kostnað. Reykjavíkurborg ákveður uppbyggingahraða á svæðinu en skuldbindur sig þó til að sölu byggingaréttar verði hraðað eins og kostur er. Allt byggingarland á svæði A, B og C skal selt með opnum og gegnsæjum hætti þar sem samið verður við hæstbjóðanda um kaup á einstökum lóðum eða lóðarhlutum.

Samkomulag þetta byggir á því að fram fari tiltekin skipting á söluverði byggingarréttar á heildarsvæðinu samkvæmt samningi þessum og fjallað er nánar um hér síðar.

Samningsaðilar munu sameiginlega vinna að því að finna lausn á flutningi bygginga af hinu selda landi og munu bera sameiginlega kostnað vegna þess.

Nýtingarhlutfall sem notast verður í uppgjöri milli aðila verði aldrei lægra en nýtingarhlutfall af heildarsvæðinu (svæði A, B og C), sbr. fylgiskjal B, og ræðst af skipulagi.



1

Kaupverð lands, söluandvirði byggingarréttar og uppgjör.

Kaupverð lands ríkisins er kr. 440.000.000.- skrifað krónur fjögurhundruðogfjörtumilljónir 00/100. Afsal skal gefið út þegar þegar fyrir liggur formleg tilkynning innanríkisráðuneytis/ISAVIA til Reykjavíkurborgar um að lokun norðaustur/suðvestur flugbrautar hafi tekið gildi gagnvart öllu flugi. Afsalsgreiðsla skal fara fram eigi síðar en 7 dögum eftir þá tilkynningu.

Reykjavíkurborg fær greiddar fyrstu 440.000.000.- af sölu byggingarréttar á heildarsvæðinu sem er skilgreint lágmarksverð landsins.

				Samtals
Ríkissjóður fær auk afsalsgreiðslu	100%	af söluverði byggingarréttar frá	440-700 m.kr. eða 260 m.kr.	700 m.kr.
- II -	80%	- II -	701-850 m.kr. eða 120 m.kr.	820 m.kr.
- II -	70%	- II -	851-1.000 m.kr. eða 105 m.kr.	925 m.kr.
- II -	30%	- II -	1.001-1.250 m.kr. eða 75 m.kr.	1.000 m.kr.
- II -	30%	- II -	umfram 1.250 m.kr.	


				Samtals
Reykjavíkurborg fær	20%	af söluverði byggingarréttar frá	701-850 m.kr. eða 30 m.kr.	30 m.kr.
- II -	30%	- II -	851- 1.000 m.kr. eða 45 m.kr.	75 m.kr.
- II -	70%	- II -	1.001- 1.250 m.kr. eða 175 m.kr.	250 m.kr.
- II -	70%	- II -	umfram 1.250 m.kr.	


Ofangreind skipting gildir óháð því hvar á skilgreindu heildarsvæði byggingarréttur selst og gildir þar til hluti heildarlandsins sem samsvarar upprunalegri hlutdeild ríkislands telst seldur (111.800 m²/177.266m² eða 63,06% af seljalegum byggingarrétti heildarsvæðisins).

Söluverð á byggingarrétti samkvæmt ofangreindri töflu uppfærast í takt við breytingar á byggingavísitölu. Afsalsgreiðsla helst óbreytt.



Uppgjör á sölu byggingarlands miðað við framangreint fer fram einu sinni á ári, 1. sept. ár hvert enda hafi sala hafist á byggingarétti.

Reykjavík 1. mars 2013

e.u.

borgarstjóri
með fyrirvara um samþykki borgarráðs


fjármála- og efnahagsráðherra
f.h. ríkissjóðs

Vottar að rétri undirskrift og dagsetningu:

 2401553039
 130565-5499



3

SAMKOMULAG

um samráðsnefnd um málefni Reykjavíkurflugvallar

Ábyrgðarmenn:

Kristján L. Möller, samgönguráðherra og Hanna Birna Kristjánsdóttir, borgarstjóri.

Skipun samráðsnefndar:

Í samráðsnefndinni verða sjö fulltrúar. Þrjú verða tilnefndir af samgönguráðherra og þrjú tilnefndir af borgarstjóranum í Reykjavík. Borgarstjóri og samgönguráðherra sammælast um sjöunda fulltrúann sem jafnframt verður formaður nefndarinnar.

Hlutverk:

Hlutverk samráðsnefndarinnar er að vera samráðsvettvangur ríkis og borgar um framtíðarstaðsetningu flugvallarins. Nefndinni er sérstaklega ætlað að fylgja eftir þeim aðgerðum sem lagðar voru til af samráðsnefnd um skipulagsmál Reykjavíkurflugvallar undir stjórn Helga Hallgrímssonar.

Helstu verkefni:

- Að sjá til þess að gerðar séu áætlanir um þær athuganir og rannsóknir sem nauðsynlegar eru vegna mögulegrar staðsetningar Reykjavíkurflugvallar á Hólmsheiði og Lönguskerjum og fylgjast með framgangi þeirra.
- Að gera tillögur um framhald flugvallarmálsins með hliðsjón af niðurstöðum úr rannsóknum.
- Að vinna að samstarfi og samkomulagi milli ríkis og borgar vegna byggingar samgöngumiðstöðvar og annarra mannvirkja á flugvællinum og í nágrenni hans, þar með talið að skipulagi og frágangi bygginga við núverandi flugstöð.
- Vera vettvangur fyrir umræðu milli aðila um skipulagsmál flugvallarsvæðisins, umhverfismál og önnur málefni í rekstri Reykjavíkurflugvallar sem hafa áhrif á borgarbúa og starfsemi flugvallarins.

Verkefnisstjóri:

Með nefndinni starfar verkefnastjóri frá samgönguráðuneytinu en kostnaður skiptist milli aðila.

Til ráðgjafar og samstarfs:

- Helstu hagsmunaaðilar í flugstarfsemi tengdri Reykjavíkurflugvelli.
- Embættismenn skipulags- og samgöngumála á vegum ríkis og borgar.

Efni til hliðsjónar:


- Reykjavíkurflugvöllur – úttekt á framtíðarstaðsetningu, skýrsla samráðsnefndar samgönguráðuneytis og Reykjavíkurborgar, apríl 2007.
- Minnisblað frá Skipulags- og byggingarsviði Reykjavíkurborgar til borgarstjóra um samgöngumiðstöð í Vatnsmýri, dags. 26. október 2007.
- Minnisblað borgarstjóra og samgönguráðherra, dags. 11. febrúar 2005.

Starfstími:

Starfstími samráðsnefndarinnar er til 1. september 2010.

Reykjavík, 8. apríl 2009


Hanna Birna Kristjánsdóttir


Kristján L. Möller

R09020079
L-TP00

MINNISBLAÐ

Samgönguráðherra og borgarstjóra um samgöngumiðstöð í Vatnsmýri

Samgönguráðuneytið og Reykjavíkurborg hafa undanfarin misseri unnið að undirbúningi framkvæmda við samgöngumiðstöð í Vatnsmýrinni. Einnig hefur verið unnið að undirbúningi samráðs milli ríkis og Reykjavíkurborgar um framtíðarstaðsetningu flugvallar fyrir innanlandsflug og ákveðið að skipa samráðsnefnd um málefni Reykjavíkurlugvallar.

Framkvæmdir við samgöngumiðstöð eru mikilvægt innlegg opinberra aðila til að skapa atvinnu við núverandi efnahagsaðstæður. Flugstoðir ohf. munu reisa fyrsta áfanga samgöngumiðstöðvar. Staðsetning hennar verður í samræmi við svokallaðan austurvalkost, en unnið hefur verið að skipulagsmálum og fleiri þáttum honum tengdum í nokkurn tíma.

Í samræmi við minnisblað borgarstjóra og samgönguráðherra dags. 11. febrúar 2005 munu samgöngufyrirvöld loka NA/SV flugbraut á Reykjavíkurlugvelli en við það skapast svæði til annarra nota, meðal annars fyrir samgöngumiðstöð. Í samræmi við sama minnisblað er ítrekað að samgönguráðherra og borgarstjóri eru sammála um að með byggingu samgöngumiðstöðvar í Vatnsmýrinni sé ekki verið að taka afstöðu til framtíðar Reykjavíkurlugvallar.

Hlutverk samgöngumiðstöðvar er mikilvægt, hvort sem innanlandsflugvöllur verður áfram í Vatnsmýrinni eða ekki, enda er samgöngumiðstöð ætlað að hýsa alla samgöngustarfsemi í Vatnsmýrinni til framtíðar. Gerðar hafa verið breytingar á samgöngumiðstöðinni og hún aðlöguð að breyttum efnahagsaðstæðum og færri farþegum en gert var ráð fyrir í upphaflegri áætlun.

Ríkið og Reykjavíkurborg munu hafa með sér makaskipti á lóðum þannig að ríkið afhendir Reykjavíkurborg jafnverðmætt land í eigu ríkisins gegn lóð Reykjavíkurborgar þar sem samgöngumiðstöð ris.

Ákveðið hefur verið að samgönguráðherra og Reykjavíkurborg muni hvor um sig tilnefna einn fulltrúa til að vera tengilið við þá aðila sem vinna að málefnum samgöngumiðstöðvarinnar, þ.e. Flugstoðir ohf. og Reykjavíkurborg. Verkefni tengiliða er að fylgja eftir og tryggja að niðurstaða fái stöðugt varðandi eftirfarandi verkþætti til að unnt verði að hefja framkvæmdir:


- Skipulagsmál og samráð við aðra lóðareigendur
- Makaskipti á lóðum
- Ákvörðun um stærð húss og fyrirkomulag eignarhalds
- Samgöngumál og bflastæði
- Opnunardagur

Stefna aðilar að því að niðurstaða varðandi alla þessa þætti liggi fyrir svo fljótt sem verða má þannig að framkvæmdir við fyrsta áfanga samgöngumiðstöðvar geti hafist á þessu ári.

Reykjavík, 8. apríl 2009


Hanna Birna Kristjánsdóttir

Kristján L. Möller



Rafal0034
Z-

FÖSTUDAGINN 8. FEBRÚAR 2008-02-11
MINNISBLAÐ

Samráðsnefnd samgönguráðuneytis og Reykjavíkurborgar um úttekt á framtíðarstaðsetningu Reykjavíkkurflugvallar.

Fundinn sóttu:
Borgartstjóri: Ólafur F. Magnússon.
Aðstoðarmaður Ólöf Guðný Valdimarsdóttir
Sigurður Snævarr
Helgi Hallgrímsson, formaður,
Björn Ársæll Pétursson
Þorgeir Pálsson
Gunnar Torfason.

Samráðsnefndin kynnti minnisblað dags. febrúar 2008 og hugmyndir um áframhaldandi starf slíkrar nefndar.

Lagt er til að skipað verði í samráðsnefnd II og eru hugmyndir um hlutverkennar í minnisblaðinu. Í nefndinni verði 2 fulltrúar ríkisins, 2 fulltrúar Reykjavíkurborgar og oddamaður sem Reykjavíkurborg og samgönguráðuneyti koma sér saman um.

Fundað verði með samgönguráðherra vegna málsins.

Fleira ekki gert.

ÓGV.

Samfryggt til að halda áfram

Viljayfirlýsing

milli samgönguráðherra og Flugstoða ohf. um undirbúning að byggingu samgöngumiðstöðvar við Hlíðarfót í Vatnsmýrinni í Reykjavík, samkvæmt gildandi skipulagi.

1. gr.

Tilfni viljayfirlýsingar þessarar eru áætlanir um byggingu samgöngumiðstöðvar í Vatnsmýrinni sem muni þjóna flugi, Strætó bs., flugrútu og langferðabifreiðum, með tengingu við almenningssamgöngukerfi höfuðborgarsvæðisins, eins og fram kemur í minnisblaði samgönguráðherra og borgarstjóra frá 11. febrúar 2005, skýrslu undirbúningshóps frá 24. febrúar 2005, greinargerð vinnuhóps samráðsnefndar um samgöngumiðstöð dags. 20. nóvember 2006 og gildandi samgönguáætlun.

2. gr.

Með viljayfirlýsingu þessari lýsir samgönguráðherra því yfir að Flugstoðum ohf. verði falið að annast undirbúning að byggingu og rekstri samgöngumiðstöðvarinnar og að verkið skuli boðið út sem einkaframkvæmd.

Nánari tilhögun undirbúnings og framkvæmda, þ.m.t. lóðamál, fjármögnun, upphaf framkvæmda og áætluð verklok verður ákveðin síðar og skal við það m.a. taka mið af framangreindum gögnum sem getið er í 1. gr.

3. gr.

Jafnframt lýsir samgönguráðherra því yfir að í tillögu að samgönguáætlun 2007-2010 er gerð tillaga um að NA/SV-flugbrautin á Keflavíkurflugvelli verði tekin á ný í notkun á árinu 2009. Samhliða munu Flugstoðum ohf. verða falið að loka og afmá NA/SV-flugbrautina á Reykjavíkurflugvelli.

4. gr.


Af viljayfirlýsingu þessari eru gerð tvö eintök eitt fyrir hvorn aðila og telst hvort þeirra fullgilt frumrit.

Öllu framangreindu til staðfestingar undirrita aðilar viljayfirlýsingu þessa.

Reykjavík 9. febrúar 2007,



Sturla Böðvarsson, samgönguráðherra



Ólafur Sveinsson, stj. formaður Flugstoða ohf.

Samgönguráðgjafi	5/3 '07
Skjalnúmer	SA007030002
Bréttal.	400

05-25021
1-661
Reykjavík 11. febrúar 2005

Minnisblað
borgarstjóra og samgönguráðherra

Efni: Samgöngumiðstöð í Vatnsmýri og Reykjavíkflugvöllur

Vinnuhópur um samgöngumiðstöð í Reykjavík sem verið hefur að störfum með þátttöku fulltrúa ríkis og Reykjavíkurborgar mun skila af sér niðurstöðu innan tíðar. Horft er til tveggja kosta varðandi staðsetningu samgöngumiðstöðvar, *norðurkosts* eða *hótelkosts*. *Norðurkostur* er á svæði norðan við Hótel Loftleiðir en í *hótelskosti* felst að nýta hluta af núverandi húsnæði Hótel Loftleiða.

Samgönguráðherra og borgarstjóri eru sammála um nauðsyn þess að ná samkomulagi þar sem hagsmunir beggja aðila geta farið saman. Forsendur samkomulags eru eftirfarandi:

1. Samgönguráðherra setji fram í tillögu að þingsályktun um samgönguáætlun 2005-2008 sérstaka tillögu um fjármögnun Hlíðarfótar sem er forgangsverkefni eigi samgöngumiðstöð að vera í Vatnsmýri.
2. Aðilar fari sameiginlega í skipulagsvinnu á svæði samgöngumiðstöðvar. Jafnframt er það sameiginlegur skilningur aðila að núverandi reit á deiliskipulagi, sem hefur verið merktur flugstöð, verði ráðstafað til annarra þarfa eftir nánara samkomulagi aðila.
3. Samgönguyfirvöld loki NA/SV flugbraut á Reykjavíkflugvelli í síðasta lagi í árslok 2005 og við það muni skapast svæði til annarra nota skv. sérstöku samkomulagi aðila þar um. Þau munu þegar hefja viðræður við núverandi notendur brautarinnar og flugvallarstjórnina á Keflavíkflugvelli um aðra kosti svo flugöryggi verði ekki stefnt í hættu, sbr. bókun samgönguráðherra og borgarstjóra frá 1999.
4. Hert verði á framkvæmd þeirrar stefnumörkunar um aðstöðu fyrir æfinga-, kennslu og einkaflug sem sett var fram í 3. tl. bókunar samgönguráðherra og borgarstjóra frá 1999 vegna Reykjavíkflugvallar.
5. Samgönguráðherra og borgarstjóri eru sammála um að með byggingu samgöngumiðstöðvar í Vatnsmýrinni sé ekki verið að taka afstöðu til framtíðar Reykjavíkflugvallar.
6. Í því skyni að leggja grundvöll að sameiginlegri niðurstöðu um framtíð flugstarfsemi í Vatnsmýri láti samgönguráðherra, sem yfirmaður samgöngumála, og Reykjavíkurborg, sem ber að annast skipulagsáætlanir í Vatnsmýri, fara fram flugtæknilega, rekstrarlega og skipulagslega úttekt á Reykjavíkflugvelli. Hvor aðili um sig tilnefni tvo fulltrúa til að leggja grunn að úttektinni, sem unnin verði af sjálfstæðum aðilum. Úttektin skal m.a. byggja á samanburði ólíkra valkosta, þ.m.t. einnar-brautarlausn, tveggja-brautalausn og þeim kosti að öll flugstarfsemi hverfi af svæðinu. Tilgangur úttektarinnar er m.a. sá að ná fram mati á lágmarksstærð flugbrauta og athafnasvæðis sem þörf er talin á, eigi flugvöllurinn að þjóna núverandi hlutverki sínu sem miðstöð innanlandsflugsins. Að niðurstöðu fenginni fari fram formlegar viðræður aðila um framtíð flugstarfsemi í Vatnsmýrinni.


Sturla Böðvarsson,
samgönguráðherra

Steinunn Valdís Óskarsdóttir,
borgarstjóri

Bókun vegna Reykjavíkurflugvallar

- a) Í samræmi við markaða stefnu í Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016 þar sem kveðið er á um að Reykjavíkurflugvöllur skuli vera miðstöð innanlandsflugs á skipulagstímabilinu, samþykkir Reykjavíkurborg breytingar á aðalskipulagi og deiliskipulagi Reykjavíkurflugvallar.
- b) Samgönguráðuneytið mun leggja áherslu á að dregið verði úr umhverfisáhrifum flugumferðar. Flugumferðarreglur verði styrktar með það að markmiði að draga úr ónæði eins og kostur er og tryggja fyllsta öryggi á hverjum tíma. Áhersla verði lögð á mælingar og að fylgja því eftir að framkvæmd sé í samræmi við flugumferðarreglur. Með nýjum mælum verði fylgst vandlega með umferðarhávaða frá flugvöllinum. Jafnframt verði settar upp myndavélar eða annar sambærilegur búnaður til þess að fylgjast með og tryggja að reglum um flughæð og stefnu í aðflugi og fráflugi sé framfylgt.
- c) Í tillögu að flugmálaáætlun fyrir tímabilið 2000 - 2003, sem samgönguráðherra leggur fyrir Alþingi í haust, verði gert ráð fyrir að snertilendingar í æfinga- og kennsluflugi flytjist á flugvöll í hæfilegri fjarlægð frá Reykjavík. Þar með ætti flugtökum og landingum á Reykjavíkurflugvelli að fækka verulega. Til að ná þessu markmiði kemur annað hvort til greina að breyta eldri flugvöllum eða að byggja nýjan snertilendingaflugvöll. Flugvöllurinn verði hannaður með það í huga að hægt verður að þróa hann til víðtækari nota fyrir t.d. æfinga-, kennslu- og einkaflug.

Reykjavík 14. júní 1999



Ingibjörg Sólrún Gísladóttir
borgarstjóri

Sturla Böðvarsson
samgönguráðherra

99020059

431.11

Stannadur